

Fundargerð 175. fundar stjórnar VM

Haldinn fimmtudaginn 25. maí kl. 11:00 í VM húsinu, Stórhöfða 29.

Mættir: Guðmundur Helgi Þórarinsson, Agnar Ólason, Einar Sveinn Kristjánsson, Kristmundur Skarphéðinsson, Pétur Freyr Jónsson, Helgi Már Sigurgeirsson og Símon Guðvarður Jónsson.

Fjarfundur: Tinna Magnúsdóttir og Sigurður Gunnar Benediktsson

Dagskrá :

1. Frágangur á fundargerð stjórnarfundar VM nr. 174

Fundargerð samþykkt og undirrituð.

2. Skýrsla formanns og staða kjaramála

Í apríl og maí eru aðalfundir og fulltrúaráðsfundir hjá lífeyrissjóðum.

Fulltrúaráðsfundur Gildis var haldinn í fjarfundi þar sem niðurstöður ársins voru kynntar. Raunávöxtun var neikvæð um 10,6%. Tryggingafræðileg staða sjóðsins sem var jákvæð um 1,4% í byrjun árs var neikvæð um 3,9% í lok árs. Aðalfundurinn var svo haldinn 27. apríl. Þar kom Perla Ösp Ásgeirsdóttir ný inn í stjórn frá launafólki en hún er framkvæmdarstjóri Eflingar.

Við höldum svo fund með fulltrúaráði okkar hjá Birtu þar sem við kynntum okkar frambjóðendur í stjórn og varastjórn. Þar er haldinn sér kjörfundur fulltrúaráðs launamanna og var hann 25. apríl. Á þeim fundi var kosið um sæti tveggja stjórnarmanna, karls og konu, auk varamanns til tveggja ára.

Fundað var með þingfulltrúum okkar á ASÍ – framhaldsþingi. Aðeins var farið yfir kosningar og helstu embætti.

1. maí var haldinn hátíðlegur en leitt hvað við áttum fáa fulltrúa í göngunni. Öll félögin voru svo með sameiginlegt kaffi hér á Stórhöfðanum og þar var mæting mjög góð, mun betri en í fyrra.

Aðalfundur sjómannadagsráðs var haldinn 9. maí.

Skrifað var undir kjarasamning við Orkubú Vestfjarða þann 11. maí, en þar eigum við 5 menn. Þar starfa fleiri rafvirkjar og hafa þeir verið í heimafélagi.

Rafiðnaðarsambandið hefur verið að vinna að því að fá samning við Orkubúið til að semja um þeirra mál og geti þá verið í samfloti með okkur. Formaður VM og formaður RSÍ fóru vestur og héldu sameiginlega kynningu um samninginn og framtíðarsamninga. Einnig var fundað með sjómönnum okkar og svo var hópnum boðið upp á súpu og brauð. Alls mættu 27 auk formannannan.

Þá er búið að halda nokkra fundi með frakt sjómönnum og okkar mönnum á Baldri, tveir fundir hafa verið með SFS til að kanna hvort það sé möguleiki á að ná saman en því miður virðist enn vera of langt á milli, næsti fundur er á morgun. Viðræður eru einnig í gangi við Faxaflóahafnir. Þá var rætt um stýrivaxtahækkunina og skoðanir margar. Bitnar helst á þeim sem eru að berjast í bökkum. Hagvöxtur fer hækkandi sem þýðir að fyrirtækin eru að skila góðu. Formaður óskaði eftir að fá að ræða þetta betur undir lið 7.

3. Orlofsmál.

Einarsstaðir: Verið er að fara yfir gögn og teikningar fyrir húsið. Reiknað er með að gamla húsið fari af svæðinu í þessari viku.

Hús 2 og 4 voru flutt af svæðinu fimmtudaginn 18. maí. Á síðasta orlofsnefndarfundi var rætt um að leyfa gæludýr í raðhúsunum á Laugarvatni til prufu og byrja strax eftir sumavertíðina. Hús 2 á Syðri Reykjum er komið í yfirhalningu eins og gert var við hús 1 fyrir ári síðan og að lokum þá er verið að endurnýja öll grill á Laugarvatni, Syðri Reykjum og í Mánatúni.

4. Fundarplan haustið 2023

Formaður lagði fram drög að fundarplani fyrir restina á árinu. Frí verðu í júní og júlí nema eitthvað stórt komi upp á og svo fundir, 24. ágúst, 21. september, 19. október, 23. nóvember og 14. desember. Hann lagði líka fram tillögu um að breyta fundartíma og byrjar kl. 9:30. Samþykkt af öllum nema einum.

5. VM – þing

Búið er að bóka Hótel Selfoss 27. – 29. október. Þarna verðum við byrjaðir í kjarasamningaviðræðum og formaður stakk upp á að þingið myndi snúast um kjaramál. Starfsfólk mun fara í að undirbúa og svo verðu dagskráin kynnt. Samþykkt.

6. Samvinna á Stórhöfða

Verið er að klára viðræður við FIT og formanni skylst að það sé kominn samningur og mögulega verði skrifað undir fyrir helgi.

7. Staða ASÍ

Formaður ræddi hvernig menn muni snúa sér í kjarasamningum næst. Ákveðin sátt náðist á framhaldsaðalfund. Tinna spurði hvort félagsfólki væri boðið að sitja í nefndum innan ASÍ, svo er ekki, hefur ekki gefið góða raun. Menn hafa verið að vinna að því innan ASÍ að reyna að fá öll sambönd og félög til að vinna saman eins og verið er að gera í BSRB. Varðandi komandi kjarasamninga þá þyrftu stóru félögin að fara saman til að ná árangri. Það þarf að gera samning þar sem tekið tillit til verðbólgu fá þá eitthvað annað fram eins og hækkun barnabóta og þess háttar og ef að einhver svíkur þá sé samningurinn bara laus ekki að það þurfi að hittast og rífast um hvort samningurinn sé brostinn.

Ijós núna hvort samstaða muni halda og þá reynir á kóngana. Pétur talaði um þegar verið var að kjósa í miðstjórnina þá var búið að stilla upp 11 og svo komu einhverjir Ýtrekað var að nefndir sem starfsmenn sitja í þurfi að vera á heimasíðu svo félagsmenn sjái hvað er og ef einhverjir félagsmenn hafi áhuga þá geti þeir óskað eftir að vera í nefnd.

8. Golfklúbbur Dalbúa

Formaður ræddi um golfklúbbinn. Við erum búin að vera í samstarfi þarna í mörg ár. Hann sýndi samning sem hefur alltaf verið og snýst um golfkort í bústaðina. Samþykkt að kaupa kortin áfram.

9. Skills – Finnlandi

10. Guðni og Einar Sveinn fóru með IÐUNNI á sýningu í Finnlandi. Þetta er svona sýning eins og Íslandsmót iðn- og verkgreina. Hugmyndin með þessari ferð var að sjá hvernig Finnarnir standa að þessari keppni þar sem við erum alltaf í veseni með okkar. Þetta er auðvitað miklu stærra en okkar sýning og þarna voru á bilinu fjögur til fimm keppendur. Öfundsvert er hvað þeir eru í flottu sambandi við atvinnulífið.

11. Lagt fram til upplýsinga

Yfirlit frá Íslandsbanka, Arion banka og Kviku.

Fullrtúaráð Birtu

Skrifstofan verðu lokuð síðustu tvær vikurnar fyrir verslunarmannahelgi eða frá 24. júlí og opnað aftur 8. ágúst.

12. Önnur mál

Fundi slitið : 14:00

Fundargerð ritaði

Áslaug R. Stefánsdóttir